



2018

SKÝRSLA STJÓRNAR

Blátt  áfram



Efnisyfirlit

Styrkjumst og höldum áfram	4
Um Blátt áfram	5
Forvarnir til að fyrirbyggja	6
Forvarnir	7
Erindi	8
Fræðsla fyrir börn	10
Eftirminnilegt 2018	12
Starfsemin	14
Lykiltölur úr ársreikningi	15

Blátt áfram

Ábyrgðarmaður: Sigríður Björnsdóttir
Skrifstofa Blátt áfram er í Fákafen 9, 108
Reykjavík. Pósthólf 8411, 128 Rvk.
Sími 533 2929

Netfang: blattafram@blattafram.is
Veffang: blattafram.is

Skýrsla stjórnar í maí 2019



VERNDARAR BARNA
BLÁTT ÁFRAM

Styrkjumst og höldum áfram

Tíminn líður hratt er oft sagt og undir þetta get ég sannarlega tekið eftir næstum 20 ár í starfi félagsráðgjafa. Ég hef starfað með börnum og unglíngum þessi ár, ekki hvað síst út frá því að efla foreldrafærni og færni þess fagfólks sem vinnur með börnum og unglíngum. Í flóknu samfélagi er mikil þörf fyrir hvers kyns fræðslu og ráðgjöf er varðar unga fólkið okkar og þá sem að því standa. Nýjar áskoranir og ný



Elísa R. Ingólfssdóttir varaformaður samtakanna

verkefni taka stöðugt við og þá er gott að horfa yfir farinn veg og minna sig á allt það sem þó hefur áunnist þrátt fyrir að aldrei skorti verkefni.

Allt frá stofnun Blátt Áfram árið 2004 hefur starfið vaxið, dafnað, þróast og breyst eftir þörfum samfélagsins hverju sinni. Einn af hornsteinum okkar er alltaf það meginverkefni að fjölga „verndurum barna“. Verndarar barna eru

þeir sem sitja námskeiðið okkar sem eflir þátttakendur til að takast á við að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, vita hvernig við tökumst á að fá upplýsingar um slíkt, hvert á að leita og umfram allt vera tilbúin til að sjá, heyra og vernda.

Það er gaman að taka þátt í því starfi sem fjölgar í þessum hópi. Ekki hvað síst vegna þess að nú nýlega frumsýndum við í Blátt Áfram – verndurum barna íslenskt efni sem unnið hefur verið að síðustu ár. Þetta voru stór tímamót fyrir okkur sem stöndum að Blátt áfram – verndurum barna og á eftir að efla starf okkar enn frekar.

Við frumsýninguna sköpuðumst góðar umræður þeirra sem standa að börnum og málefnum þeirra á Íslandi, þar á meðal var Ásmundur Einar Daðason Félags- og barnamálaráðherra. Þetta var sannarlega áhugavert því að þrátt fyrir að enn sé verk að vinna þá hefur svo margt áunnist. Ég get sem sanni sagt að það er meiri skilningur á þeim verkefnum sem ég hef unnið að sem félagsráðgjafi síðustu áratugi og það er styrkir við áframhaldandi störf. Mikil áhersla er á snemmtæka íhlutun varðandi málefni barna en áður var meiri áhersla á að grípa inn í ef eitthvað hafði bjátað á.

Tíminn heldur áfram að líða hratt og við í Blátt áfram – verndurum barna styrkjumst enn frekar með tímanum og höldum ótrauð áfram.



Verndarar Blátt áfram

Með því að gerast Verndari barna, ert þú að auka lífsgæði fjölmargra barna. Þú ert mögulega að skapa barni öryggi og traust og eykur lífsgæði þess auk margra barna til framtíðar.

Aðild þín skiptir því Blátt áfram gríðarlegu máli.

Með aðild færðu:

- **Ráðgjöf af hálfu sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem starfa á vegum félagsins í samræmi við starfsemi þess.**
- **Fræðslu um forvarnir og viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi.**
- **Aðgang að námskeiðum Blátt áfram um kynferðisbrot og hvernig bregðast megi við slíkum atburðum.**
- **Aðgang að mánaðarlegum stuðningshópi fyrir foreldra og aðstandendur barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.**
- **Mánaðarlegt fréttabréf Blátt áfram um hvað sé helst á döfinni hjá félaginu.**

Flest ofangreint er veitt Verndurum Blátt áfram endurgjaldslaust.

Blátt áfram starfar með fagmennsku, frumkvæði og þekkingu að leiðarljósi um leið og við gætum trúnaðar gagnvart þeim sem til okkar leita.

Vertu „Verndari barna“

Leitaðu til okkar með tölvupósti verndararbarna@blattafram.is eða í síma 533 2929. Einnig geturðu skráð þig sem **Verndari Blátt áfram** á vefslóð okkar: <http://www.blattafram.is/styrktarsida>

Um Blátt áfram

Blátt áfram eru forvarnarsamtök, stofnuð 2004. Markmið samtakanna er að stuðla að og efna til marktækra forvarna og fræðslu um kynferðisbrot gegn börnum. Þannig mótar Blátt áfram öruggari og traustari framtíð fyrir börn.

Markmið og tilgangur

Markmið samtakanna, að skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn gagnvart kynferðisofbeldi í samfélaginu og hjá fjölskyldum, hefur verið og er eitt helsta viðfangsefni félagsins frá upphafi, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem samfélagið stendur frammi fyrir.

Með fræðslu til fullorðinna bjóðast góðar og nothæfar leiðir til að vernda börnin. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum, stuðlum við að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi. Því er

markmið okkar að vernda börn gegn kynferðisbrotum og stuðla þannig að betri framtíð þeirra.

Blátt áfram starfar af fagmennsku, með frumkvæði og þekkingu að leiðarljósi. Það gerum við á ábyrgan hátt í samvinnu við einstaklinga, stofnanir og aðra sem láta málið sig varða.

Fagmennskan byggir á stöðugri öflun þekkingar og byggir á gagnreyndum upplýsingum og efni, sem við bjóðum með fræðslu og samskiptum.

Forystuhlutverk félagsins sést í því frumkvæði sem forvarnarsamtökin hafa tileinkað sér í baráttu gegn kynferðisbrotum á börnum.

Frumkvæðið sést einnig í því hvernig fengist er við aðsteðjandi viðfangsefni á farsælan og árangursríkan hátt, með hagsæld barna alltaf í öndvegi.

Samvinnu er efnt til með félögum, stofnunum og einstaklingum, bæði hér á landi og í útlöndum, sem stuðla að vernd barna gagnvart kynferðisbrotum. ■


EF ÞÚ SÉRÐ EITTHVAÐ ... GERÐU EITTHVAÐ!



MARKMIÐ FORVARNA

Langur vegur milli þess að:

- Ofbeldi hefst og barn segir frá
- Einstaklingur sýnir óæskilega hegðun og er stoppaður af



Forvarnir til að fyrirbyggja

Blátt áfram eru forvarnarsamtök, stofnuð 2004. Markmið samtakanna er að stuðla að og efna til marktækra forvarna og fræðslu um kynferðisbrot gegn börnum. Þannig mótar Blátt áfram öruggari og traustari framtíð fyrir börn.

Markmið og tilgangur

Markmið samtakanna, að skapa öruggari og traustari framtíð fyrir börn gagnvart kynferðisofbeldi í samfélaginu og hjá fjölskyldum, hefur verið og er eitt helsta viðfangsefni félagsins frá upphafi, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem samfélagið stendur frammi fyrir.

Með fræðslu til fullorðinna bjóðast góðar og nothæfar leiðir til að vernda börnin. Með fræðslu til fagaðila, kennara og annarra sem annast og sinna börnum, stuðlum við að aukinni þekkingu allra um gildi og mikilvægi forvarna gegn kynferðisofbeldi. Því er markmið okkar að vernda börn gegn kynferðisbrotum og stuðla þannig að betri framtíð þeirra.

Blátt áfram starfar af fagmennsku, með frumkvæði og þekkingu að leiðarljósi. Það gerum við á ábyrgan



hátt í samvinnu við einstaklinga, stofnanir og aðra sem láta málið sig varða. Fagmennskan byggir á stöðugri öflun þekkingar og byggir á gagnreyndum upplýsingum og efni, sem við bjóðum með fræðslu og samskiptum.

Forystuhlutverk félagsins sést í því frumkvæði sem forvarnarsamtökin hafa tileinkað sér í baráttu gegn kynferðisbrotum á börnum. Frumkvæðið sést einnig í því hvernig fengist er við aðsteðjandi viðfangsefni á farsælan og árangursríkan hátt, með hagsæld barna alltaf í öndvegi.

Samvinnu er efnt til með félögum, stofnunum og

einstaklingum, bæði hér á landi og í útlöndum, sem stuðla að vernd barna gagnvart kynferðisbrotum.

Forvarnir

Fræðsla um kynferðisbrot gegn börnum aðstoðar fólk við að greina á milli fyrirbyggjandi aðferða og leiðbeininga eftir að ofbeldið hefur átt sér stað.

Forvörnum og tengdu ferli er oft og tíðum skipt í þrjú stig;

Fyrsta stigs forvarnir snúast um fræðslu til fullorðinna sem stuðlar að öruggara umhverfi fyrir fullorðna, börn og ungmenni.

Annars stigs forvarnir snúa að fræðslu til barna og gefur þeim tækifæri til að segja frá ofbeldi hafi þau upplifað það, eða verið þolendur þess. Þannig má auka lífsgæði barna með forvörn og fræðslu.

Þriðja stig ferlisins snýr að því að aðstoða þolendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Þá er mikilvægt að þolendur fái aðstoð fagfólks til að fást við og vinna úr slíkri lífsreynslu.

Fyrsta stigs forvarnir

Mikilvægasta markmiðið er að koma í veg fyrir ofbeldi áður en það á sér stað. Fyrsta stigs forvarnafræðsla felur í sér fræðslu til fullorðinna, fjölskyldna og samfélagsins. Aukin fræðsla hefur áhrif á viðhorf og þekkingu fullorðinna og eykur líkur á því að fullorðnir treysti sér betur í opna umræðu við aðra fullorðna og börn um þessi málefni. Það getur einnig leitt til þess að fleiri börn komi fram og segi frá. Lykillinn að forvörnum er upplýst umræða sem skapar aukna þekkingu og trú fólks á eigin getu til að stíga fram og stöðva ofbeldi.

Fræðsla til fullorðna

Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Rannsóknir gefa til kynna að 35% stúlkna og 17% drengja hér á landi hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur en fæstir segja frá því á meðan þeir eru enn börn. Að jafnaði þurfa börn að láta vita af kynferðisofbeldi sem þau eru beitt um sjö til níu sinnum, áður en þeim er trúað eða brugðist er við upplýsingum af hálfu fullorðinna. Fræðslan auðveldar fólki að ræða við börn og unginga um hvar eðlilegt sé að draga mörk í samskiptum og hvaða hlutar líkamans séu

Opnir fundir fyrir foreldra og aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi

Tilgangur: Er að gefa fólki í svipuðum sporum vettvang til að hittast, ræða saman og styðja hvort annað með stuðningi og leiðsögn.

Dagsskrá: Fyrsti miðvikudagur í mánuði kl. 19:30 – 21:30.

Umsjón: Sigríður Björnsdóttir verkefnisstjóri Blátt áfram og Anna Kristín Newton sálfræðingur.

Staðsetning: Blátt áfram, Fákafeni 9, 2. hæð.
Sími: 533 2929. **Netfang:** blattafram@blattafram.is

Blátt áfram

#bláttáfram #verndaribarna

„einkastaðir“ hvers og eins. Fræðslan auðveldar fólki einnig við að taka mikilvæg skref til að hjálpa barni sem hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi. Fólk áttar sig því betur á að það er mikið í húfi fyrir barnið.

Námskeið

Markmið námskeiðsins Verndarar barna, er að kenna einfaldar leiðir til að vernda börn gegn kynferðisofbeldi. Leiðirnar felast í mikilvægum skrefum til



Námskeiðið Verndarar barna haldið á Höfn í hornafirði fyrir kennara.



Námskeið VB á Akureyri



Efnið Verndarar barna, vinnubók, 5 skrefa bæklingur og myndefni

að auka vitneskju um hvernig megi koma í veg fyrir ofbeldi, hvernig bregðast megi við, ásamt upplýsingum um hvernig tilkynna á grun um ofbeldi. Ofbeldi gegn börnum er af mannavöldum og er því hægt að fyrirbyggja!

Nýtt íslenskt fræðsluefni samtakanna leit dagsins ljós á árinu. Nýja efnið inniheldur myndefni, vinnubók og umræður og er byggt á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum. Í efninu koma fram aðilar sem starfa með börnum ásamt þolendum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Rannsóknir á eldra efni sýna að þekking og viðhorf þátttakenda á ýmsu er viðkemur kynferðislegu ofbeldi eykst og breytist í kjölfar þess að hafa hlotið þjálfun. Þátttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða til verndar börnum gegn kynferðislegu ofbeldi en þeir gerðu áður. Álykta má að námskeiðið auki árvekni þeirra sem það sækja og virkni þeirra í að ræða við börn um kynferðislegt ofbeldi, (Dagbjört Guðmundsdóttir, 2012). Hafið er samstarf við HÍ til að gera úttekt á nýja efninu.



Þátttakendur telja einnig líklegt að þeir muni í framtíðinni grípa til fleiri forvarnaraðgerða til verndar börnum gegn kynferðislegu ofbeldi en þeir gerðu áður.

Erindi

Fyrirlestur um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er kynning og fræðsla um tíðni kynferðislegs ofbeldis, einkenni og afleiðingar þess á börn. Í fyrirlestrinum er varpað fram hugmyndum að leiðum til að efla samskipti kennara, foreldra og barna um viðkvæma hluti. Umræða um forvarnir við foreldra er bæði mikilvæg og nauðsynleg. Hún auðveldar þeim að ræða opinskátt við börnin um líkama þeirra, hvar eðlilegt sé að draga mörkin og hvaða hlutar líkamans eru „einkastaðir“ hvers og eins. Fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum og öðru fullorðnu fólki, sem vinna með og/eða bera ábyrgð á börnum og unglíngum. Erindið fjallar um greinamun á fyrirbyggjandi aðferðum og leiðbeiningum eftir að ofbeldið hefur átt sér stað.

Annars stigs forvarnir

Annars stigs forvarnafræðsla er með það að markmiði að fræða börn um kynferðisofbeldi, setja sér og öðrum mörk og hvert er hægt að leita sér aðstoðar ef þau verða fyrir slíku ofbeldi. Fræðslan er ávallt sniðin að þeim aldurshópi sem hún beinist að.





Fjöldi manns frá Skagafirði og nágrenni hlýddu á fræðsluerindi samtakanna um forvarnir gegn kynferðisofbeldi.

Fræðsla fyrir börn

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa börn rétt á vernd gegn ofbeldi (19. gr.) og að allar ákvarðanir og ráðstafanir er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu (3. gr.). Fræðsla um forvarnir gegn kynferðisofbeldi er þáttur í því að upplýsa börn um rétt sinn og veita þeim tækifæri til að segja frá ef þau verða fyrir slíku.

Fræðsla til barna í skólum er sinnt af kennurum og starfsfólki sem hefur fengið þjálfun og fræðslu í forvörnum gegn kynferðisofbeldi og viðbrögðum við einkennum og grun um ofbeldi.

Teiknimynd

Leyndarmálið er tekið til sýninga árlega fyrir flest börn í 3. bekk grunnskóla. Verkefnið nálgast forvarnarfræðslu um kynferðislega misnotkun gegn börnum í teiknimynd og umræður eru að lokinni sýningu.

Fræðsla fyrir unglinga

Í lífsleikni fyrir unglinga í 7.-10. bekk er rætt um tíðni kynferðisofbeldis á börnum á Íslandi og fræðslu um hvað felst í tælingu, hvað beri að varast og að ofbeldi sé ekki þeim að kenna sem verði fyrir því. Ofbeldi geti gerst á milli fullorðins og barns, fullorðins og unglings eða unglinga og barna á svipuðu reki þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum.



Í lífsleikni tímum er rætt við unglingana um að setja mörk í samskiptum og líkama þeirra, áfengi og vímuefni, nauðgun, einelti og varasöm samskipti í snjall-símum.

Lífsleikni

Margir unglingar hafa lent í erfiðleikum og/eða aðstæðum sem þeir vita ekki hvernig þeir eigi að bregðast við eða hvar hjálp sé að finna. Í lífsleikni tímum er rætt við unglingana um að setja mörk í samskiptum og líkama þeirra, áfengi og vímuefni, nauðgun, einelti og varasöm samskipti í snjall-símum. Hvert er hægt að leita sér hjálpar og hvernig þau geti stutt vin/vinkonu sem segir þeim frá ofbeldi.

Þau fá fræðslu um kynferðislega áreitni og ofbeldi, hættunni á að einhver gæti reynt að fá þau til að gera eitthvað sem þeim finnst óþægilegt. Að það geti einhver reynt að tæla þau með gjöfum, með peningum eða hrósi, einhver horfi óþægilega á þau, snerti þau eða biðji þau að snerta sig. Þá er þeim bent á að þeir sem beita slíku ofbeldi komi oftast úr þeirra nánasta umhverfi, séu jafnvel einhverjir sem þau þekkja vel. Þá er hnykk á að ofbeldið sé aldrei þeim að kenna.

Þriðja stigs forvarnir

Þriðja stig ferlisins snýr að því að aðstoða þolendur sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi. Þegar börn segja frá eftir að hafa hlotið fræðslu er mikilvægt að málin fari í réttan farveg. Stuðningur við foreldra og aðstandendur barna sem segja frá ofbeldi er ný þjónusta sem Blátt áfram veitir.



Fræðsla til unglinga í Garðarskóla, Guðrún Helga Bjarnadóttir, Sigríður Björnsdóttir, Þórléif Guðjónsdóttir, Harpa Dögg Grímsdóttir.

Ráðgjöf til foreldra og aðstandenda

Opnir fundir fyrir aðstandendur (foreldra) barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Í því fellst hópastarf fyrir aðstandendur barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, er þjónustu- og stuðningsúrræði sem ekki hefur verið fyrir hendi hér á landi til þessa. Fundirnir eru byggðir upp með tilteknu umræðuefni þar sem flutt eru stutt erindi eða kynning frá sálfræðingum og félagsráðgjöfum, en síðan er opin umræða að ósk foreldra. Foreldrar sem fá stuðning við börn sín eru betur í stakk búin til að hlúa vel að þeim.

Umsjónaraðilar verkefnisins eru sálfræðingar og félagsráðgjafar.



Undirbúningsfundur hjá umsjónaraðilum. Helga Þórunn Arnardóttir, Rósa Gunnsteinsdóttir, Henrietta Ósk Gunnarsdóttir, Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir, Heiða Brynja Heiðarsdóttir.

Ráðgjöf til stofnanna, skóla, félaga og fagaðila

Ráðgjöf félagsins fyrir stofnanir felur í sér að vísa á réttar boðleiðir og styðja stofnanir við þjálfun starfsfólks. Leitast er við að hafa ávalt barna í fyrirrúmi og að barnið njóti vafans.

Ráðgjöf í gegnum síma, Facebook, tölvupóst eða viðtöl: Margskonar erindi berast félaginu á hverju ári. Þau berast í síma, með samfélagsmiðlum og með tölvupósti þar sem einstaklingar og starfsfólk stofnana óska eftir ráðgjöf. Þau óska eftir og biðja um leiðbeiningar og hjálp varðandi kynferðisofbeldi á börnum.

Einstaklingar sem hafa samband við félagið eru oft ráðþrota og vantar leiðsögn auk stuðnings þegar upp kemst um kynferðisofbeldi á börnum. Foreldrar þurfa að fá að vita hver eru mögulega næstu skref í málinu t.d. þegar barn þeirra fer í viðtal í Barnahúsi. Stuðningur við foreldra er almennt lítill þar sem meðferðaraðilar sinna barninu fyrst og fremst. Árangur meðferðar fyrir barnið er oftast en ekki bundinn við stuðning sem foreldrið getur veitt barni sínu. Því er mikilvægt að foreldrar séu þátttakendur í ferlinu. Málin eru misjöfn eins og þau eru mörg og þegar foreldrar eða aðstandendur eiga hlut að máli þarf að haga málum með hliðsjón af því. Starfsfólk og kennarar sem ekki fá liðsinni eða stuðning við að tilkynna grun sinn um ofbeldi gegn barni innan skólans hafa gjarnan samband til að fá fullvissu um að þeim beri að tilkynna grun. Eins og hér kemur fram er mikilvægt að ofbeldi sé stöðvað, utan og innan stofnunar, og því ber að tilkynna til barnaverndarnefnda um slíkan grun. Sum mál eru ekki tilkynnt vegna ótta fullorðinna um að ásaka einhvern ranglega. Hafa ber í huga að aðeins er verið að tilkynna um grun, vegna vanlíðunar eða breyttrar hegðunar barnsins. Barnavernd sér svo um að meta hver hefur brotið gegn barninu.

Eftirminnilegt 2018

Árlega stendur Blátt áfram fyrir landsöfnun til að halda baráttu félagsins áfram fyrir vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Með söfnun er einnig verið að vekja athygli á alvarleika kynferðisafbrotu á börnum og að gæta þurfi að velferð barna í hvívetna. Lyklakippan í ár sem Blátt áfram bauð til sölu var epli. Forseti okkar Guðni Th aðstoðaði við að starta söfnuninni þar sem hann kom akandi á elsta forsetabílnum í fylgd mótörhójakappa B.A.C.A (Bikers against child abuse).



Landsöfnun félagsins 2018 styrkt af Alvogen.



Ungir krakkar í Stjörnuni seldu lyklakippu ljós til styrktar samtökunum.

Unga kynslóðin lét til sín taka með því að útbúa auglýsingaherferð sem var dreift víða á netinu.

Samtökin halda úti reglulegri Vitundarvakningu og í ár fengum við frábæran stuðning. Nokkrir nemendur Kvikmyndaskólans settu saman auglýsingu. Þar sem þekktir einstaklingur úr samfélaginu tóku þátt í að vekja fólk til umhugsunar með slagorðinu, „Ef þú sérð eitthvað gerðu eitthvað“. Með því var verið að vekja fólk til umhugsunar um að stöðva ofbeldi. Til þess þarf



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson mættur til að starta landsöfnun félagsins og keypti fyrstu lyklakippuna af ungu söluólki.



Fyrir utan hefðbundna fræðslu félagsins eru haldnar kynningar á starfseminni fyrir skóla, þingflokka, fyrirtæki og ráðherra. Guðrún Helga Bjarnadóttir, Þórleif Guðjónsdóttir og Íris B. Birgisdóttir hittu Ásmund Ásmundur Einar Daðason, félags og barnamálaráðherra.



Guðni Th. Jóhannesson forseti fékk kynningu á starfi félagsins frá Sigríði Björnsdóttur, Írisi B. Birgisdóttur og Þórleifi Guðjónsdóttur.



Bergur Þór Ingólfsson ásamt fleiru góðu fólki tók þátt í auglýsinga-herferð.

að eiga sér stað viðhorfsbreyting og í kjölfarið einhver framkvæmd eins og að láta sig málið varða. Að stöðva ofbeldi þarf að þjálfá og fyrsta skrefið er að átta sig að öll höfum við eitthvað með það að gera hvort ofbeldi á sér stað eða ekki. Vitundarvakningin vakti mikla athygli og gat fólk skrifað nafn sitt á undirskriftarlista þar sem skorað var á ráðherra að bæta menntun starfsfólk sem starfar með börnum og ungmenum. Á meðan kennslu um varnir og viðbrögð við kynferðisofbeldi gagnvart börnum er ábótavant í kennsluskrá háskóla landsins er mikil þörf á fræðslu og að hún sé í boði fyrir stéttir sem starfa með börnum og unglingum.

Erum við að sinna markmiði okkar?

Á hverju ári er litið yfir farin veg og því velt upp hvort við séum að standa okkur í að vera talsmenn barna og vernda þau gegn ofbeldi.

Þegar við lítum yfir fjölda fyrirspurna, fræðsluerinda og mála sem koma inn á okkar borð á árinu sjáum við hversu brýnt starf okkar er, sérstaklega fyrir börn. Samtökin veita mikilvæga þjálfun og fræðslu sem reynst hefur afar vel í öllum tilfellum. Starfsfólk skólanna verður þannig upplýst um hættunir sem geta verið til staðar, greint merki kynferðisofbeldis og þekkja mögulegar afleiðingar þessa. Það er gert

til að hægt sé að grípa inn í aðkallandi og erfiðar aðstæður og þannig lágmarka hugsanlegan skaða sökum kynferðisbrota. Þannig leitast félagið við að auka umræðuna um kynferðisofbeldi til að auðvelda þeim sem fyrir því verða að leita sér hjálpar. Þannig veitir Blátt áfram oft mikilvægan stuðning, bæði við einstaklinga og fyrir samfélagið.

Skiptir starfsemi okkar máli?

Starfsemin skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag. Þörfin er til staðar og er gríðarlega mikilvæg. Að verða fyrir kynferðisofbeldi í æsku hefur nær alltaf langtíma afleiðingar og áhrif. Því er til mikils að vinna við að keppa að því að hafa umhverfi barna öruggt og traust.

Á árinu voru samtökin samstarfsaðili með Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri að ráðstefnu um forvarnir gegn kynferðisofbeldi með yfirskriftinni: Ef þú sérð ofbeldi stöðvaðu það!

Aðalfyrirlesarar Joan Tabachnick, Jane Flieshman og Kieran McCartan fjölluðu um mikilvægi forvarna og að öryggi barna byrji með okkur. Hvernig er hægt að fyrirbyggja ofbeldi á börnum með öruggara umhverfi, góðri fræðslu um kynlíf og kynheilbrigði og að samfélagið verð betur upplýst um þá sem brjóti gegn börnum. Aðrir íslenski fyrirlesarar sögðu frá rannsóknunum um kynferðisofbeldi, forvarnir, afleiðingar og mikilvægi þess að bregðast rétt við og fyrr.



Fyrirlesarar á ráðstefnunni. Sigrún Sigurðardóttir, Sigríður Björnsdóttir, Anna Kristín Newton, Rannveig Sigurvinsdóttir, Joan Tabachnick, Jane Flieshman og Kieran McCartan.

Boðmiðlun til samfélagsins

Facebook, Blátt áfram vefsíður og Fjölmíðlar. Um 17.000 manns fylgjast með félaginu Blátt áfram á Facebook síðu félagsins. Þar birtum við ráð og leiðbeiningar, upplýsingar um starfsemi og fræðslu, og hvað sé á döfinni framundan.

Vefur félagsins inniheldur upplýsingar um starfsemi félagsins og fræðsluefni.

Um fjöllun margra fjölmiðla um kynferðisofbeldi á börnum er mikilvægur þáttur í að upplýsa almenning og stjórnvöld um orsakir og afleiðingar ofbeldis gegn börnum. Stundum er fjallað um leiðir til að annast forvarnir á virkan og áhrifaríkan hátt með fjölmiðlum. Blátt áfram leitast við að kynna fyrir þeim hvernig þeir geti haft áhrif á forvarnarstarf með því að beina sjónum sínum frá skelfilegum ofbeldisbrotum gegn börnum í að upplýsa um orsakir vandans og leiðir til að koma í veg ofbeldið.

Fræðsla 2018

Fræðsla til fullorðinna fer að mestu fram til starfsfólks í leik- og grunnskólum landsins. Heildarfjöldi þeirra sem fengu beina fræðslu frá Blátt áfram 2018 voru 5.100 manns.

215 fullorðnir gerðust Verndarar barna með því að sækja námskeið félagsins með sama heiti.

398 fullorðnir hlýddu á fyrirlestur um forvarnir og viðbrögð vegna kynferðisbrota.

16 fullorðnir mættu á kvöldfundir foreldra.

11 fullorðnir fengu kynningu og fræðslu um Bella Net sem er forvarnarfræðsla fyrir leiðbeinendur félagsmiðstöðva.

446 unglingar fengu lífsleikni-fræðslu.

3456 börn í 3ja bekk í 103 grunnskólum sáu fræðslufnið Leyndarmálið.

564 fullorðnir fengu kynningu á starfsemi samtakanna.

Starfsemin

Starfsemi félagsins er fjölbreytt og umfangsmikil. Starfmenn eru fjórir í tveimur stöðugildum.

Sigríður Björnsdóttir sálfræðingur, formaður félagsins

Guðrún Helga Bjarnadóttir leikskólakennari, fræðslustjóri

Íris B. Birgisdóttir BA í sálfræði, sérfræðingur í markaðsmálum

Þórlaif Guðjónsdóttir tómstunda – og félagsmála-fræðingur, sérfræðingur í markaðsmálum

Stjórn félagsins skipa

Formaður, Sigríður Björnsdóttir sálfræðingur

Varaformaður, Elísa R. Ingólfssdóttir félagsráðgjafi

Gjaldkeri, Elísabet Guðmundsdóttir félagsráðgjafi

Ritari, Sigríður Sigurjónsdóttir rannsóknarsálfræði

Meðstjórnandi, Anna Kristín Newton sálfræðingur

Varamaður, Axel Jón Fjeldsted foreldri og grafískur hönnuður

Varamaður, Gná Guðjónsdóttir úttekta og gæðastjóri

Hvernig skiptir Blátt áfram máli?

Samkvæmt skýrslu Barnaverndarstofu fyrir árið 2017, bárust 691 tilkynning til Barnaverndarnefnda sökum ofbeldis gegn barni og 113 börn fóru í Barnahús í könnunarviðtöl eða ráðgjöf. Fræðsla eykur þekkingu og með meiri vitneskju um afleiðingar ofbeldis á heilsu og líf barna sýnir fólk frekar ábyrgð í verki, tilkynnir og lætur kanna mál barna frekar en að líta undan.

Fjáröflun

Grunnur að starfi samtakanna er lagður með fjáröflun félagsins. Fjáröflunin, meðal almennings, fyrirtækja, félaga og stofnana, er Blátt áfram nauðsynleg til að halda áfram mikilvægu starfi

Fjárframlög frá ríkinu koma eingöngu tengd skilgreindum verkefnum. Rekstur félagsins byggir því að miklu leyti á árlegri landssöfnun og mánaðarlegum styrkjum einstaklinga. Árið 2018 söfnuðust tæpar 13 milljónir króna sem fengust með sölu á lykklakippu með ljósi, undir yfirskriftinni „vertu upplýstur“. Í raun lítið samborið við mörg önnur félagasamtök, en okkur nauðsynlegt í ljósi þeirra áskorana sem samfélagið stendur frammi fyrir hvað kynferðisofbeldi varðar. Þetta er níunda árið sem samtökin safna fé með þessum hætti, þ.e. með sölu á munum til styrktar samtökunum.

Verndarar Blátt áfram eru aðilar sem styðja félagið með mánaðarlegum framlögum. Með stuðningi sínum hjálpa þeir félaginu við að vernda börn gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Verndarar Blátt áfram fá fréttir af starfinu með mánaðarlegu fréttabréfi og stendur til boða að sitja fræðslu félagsins endurgjaldslaust.

Lykiltölur úr ársreikningi

1. Upplýsingar um samtökin

Blátt Áfram, forvarnarverkefni er sjálfstætt starfandi samtök með starfsstöð að Fákafeni 9, Reykjavík. Samtökin greiða ekki tekjuskatt þar sem verkefnið fellur undir undanþáguákvæði 4. tl. 4. gr. Laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

2. Rekstrarreikningur*

	2018	2017	2016	2015	2014	2013
Tekjur						
Styrkir og aðrar tekjur	4.696	15.461	8.869	6.740	5.676	3.549
Landssöfnun	11.757	2.241	8.900	15.557	10.996	12.210
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	15.698	13.982	11.19	10.744	10.233	7.214
Húsnæðiskostnaður	1.806	1.950	1.620	1.559	1.562	1.496
Vitundarvakning, auglýsingar og ráðstefna	1.943	347	206	279	4.231	2.660
Annar kostnaður	4.483	4.733	4.898	5.301	7.435	9.282
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(624)	(54)	57	30	176	229
Rekstrarafkoma	1.899	(3.363)	(91)	4.446	(6.612)	(4.664)

3. Efnahagsreikningur í árslok

	2018	2017	2016	2015	2014	2013
Eignir	12.535	10.423	10.349	10.495	9.018	13.194
Skuldir	4.765	4.553	1.115	1.171	4.139	1.703
Eigið fé	7.770	5.871	9.142	9.324	4.879	11.491

*Allar fjárhæðir í þúsundum króna

